

Ed. 697. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 530.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskausum, verkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum og frystum rækjum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 3.5% af fob-verði útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3.5% gjald af fob-verði greiðist af frystum humar, óverkuðum saltfiski, loðnumjöli og loðnulýsi.
3. 4.2% gjald af fob-verði greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum.
4. 6% gjald af fob-verði greiðist af isvörðum fiski, fiskmjöli, þorskalýsi, karfámjöli, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, hvallýsi, hvalmjöli, frystu hvalkjöti og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 8.0% gjald af fob-verði greiðist af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna.
6. 10.0% gjald af fob-verði greiðist af saltsíld.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum, hertum sjávardýraolium né heldur vörum frá selveiðum. Niðurlagðar vörur skulu í þessu sambandi teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráfnisverð hinnar útfluttu vöru er minna en $\frac{1}{4}$ hluti útflutningsverðsins.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. maí 1968:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	76.90%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	14.50%
3. Til Fiskimálasjóðs	4.98%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.29%
5. Til rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.99%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.67%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	0.67%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 38 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi skv. 2. grein laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1968.